

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð
105 Reykjavík

Reykjavík 16. júní 2020


Efni: Skipan í starfshópa

Þann 12. júní sl. var birt frétt á vef Stjórnarráðsins þess efnis að heilbrigðisráðherra hefði skipað starfshóp sem móta ætti tillögur að heildaskipulagi heilbrigðisþjónustu fyrir börn með neyslu- og fíknivanda. Því ber að fagna að ráðuneytið gefi þessum hópi meiri gaum og er ný afeitrunardeild fyrir börn við Hringbraut þannig gríðarlega mikilvægt skref.

Stjórn Geðhjálpár áréttar hins vegar mikilvægi þess að þegar skipað er í starfshópa, til að vinna að lausnum og kortlagningu geðheilbrigðismála, sé í þá skipaðir aðilar með notendareynslu. Í ofangreindum starfshópi ættu þannig að sitja einn til tveir fullorðnir einstaklinga með reynslu sem notendur þjónustunnar eða aðstandendur þeirra. Vissulega kemur fram í skipunabréfi starfshópsins að hópurinn eigi að hafa samráð við þjónustuþega en það er hins vegar ekki það sama og að hafa notendur í hópnum.

Við beinum því til ráðuneytisins að setja það sem vinnureglu að í öllum starfshópum á vegum ráðuneytisins verði hér eftir aðili með notendareynslu sé þess nokkur kostur.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar Geðhjálpár,



Grímur Atlason, framkvæmdastjóri
Geðhjálp